

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi álversins í Straumsvík, mislæg gatnamót á Reykjanesbraut við Straumsvík.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 28. september 2011 breytingu á deiliskipulagi álversins í Straumsvík, mislæg gatnamót á Reykjanesbraut við Straumsvík.

Breytingin felst í að aðkoma að lóð álversins verður að hluta til um ný, mislæg gatnamót á Reykjanesbraut. Samsvarandi breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 var staðfest 27. september 2011.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 1. nóvember 2011,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2011